

Skipulags- og byggingafulltrúi Uppsveita bs.
Stella Rúnarsdóttir
Dalbraut 12
840 Laugarvatn

Reykjavík, 4. júní 2021
UST202106-023/A.B.
10.04.03

Efni: Tillaga - Deiliskipulag – Löngudælaholt – Skeiða- og Gnúpverjahreppur

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Skeiða- og Gnúpverjahrepps er barst 2. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir frístundabyggð í Löngudælaholti í Skeiða- og Gnúpverjahreppi (2104081).


Í greinargerð kemur fram að um er að ræða endurgerð deiliskipulags vegna frístundasvæðisins og markmiðið er að skilgreina betur núverandi frístundabyggð úr frá staðbetri grunnögnum en uppbygging hófst um og upp úr 1979 á svæðinu, en svæðið er þegar byggt að stærstum hluta. Nýjustu húsin hafa byggst á nyrsta hluta svæðisins á árunum 2005-2008. Einnig kemur fram að á hverri lóð er heimilt að byggja allt að þrjú hús; sumarhús, gestahús og geymslu/smáhýsi þar sem samanlagt byggingamagn þessara þriggja húsa má vera allt að 200 m².

Lýsing á svæðinu

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að svæðinu sé lýst og fjallað sé um þær vistgerðir sem eru á svæðinu. Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar Íslands (<https://vistgerdakort.ni.is/>) er svæðið skilgreint sem mikilvægt fuglasvæði og samkvæmt kortinu (<https://serstokvernd.ni.is/>) er innan svæðisins hraun sem fellur undir 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013. Umhverfisstofnun bendir á að mikilvægi þess að það sé metið í tillögunni hver áhrif tillögunnar eru á vistkerfin skv. 5.4.1. gr. skipulagsreglugerðar nr. 90/2013.

Aðgengi

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að það sé nægt rými fyrir aðgengi almennings meðfram ánni svo að útivistargildi skerðist ekki og bendir stofnunin því á 5.3.2.14 gr. skipulagsreglugerð nr. 90/2013, þar sem fjallað er um aðgengi almennings að vötn, ám og sjó



Axel Benediktsson
sérfræðingur

Virðingarfyllst,



Björn Stefánsson
sérfræðingur